



Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags

“Vogabyggð 3”

Samþykkt í borgarráði 25. maí 2023.

Höfundar deiliskipulags: Teiknistofan Tröð, JVST og felixx.

Breytingin felst í því að texta er breytt í kaflanum „Svalir“.

Texti í gildandi skilmálum er svohljóðandi:

Heimilt er að útbúa innfelldar svalir í ytri kannt núverandi byggingalínu (þ.e. frá Súðavogi, Dugguvogi, og Tranavogi). Að hámarki má breyta 50% núverandi glugga hverrar hæðar í innfelldar svalir.

Við gerð á innfelldum svölum skal eftir fremsta megni varðveita þá gluggasetningu sem fyrir er í byggingum. Vanda skal alla hönnun og frágang á innfelldum svölum.

Ennfremur er heimilt að koma fyrir frönskum svölum, sem eru gólf síð opnanleg fög með handriði að utanverðu, en þó þannig að þær skagi ekki út fyrir byggingarmassa. Vanda skal vel við hönnun á frönskum svölum og verða þær ávallt að falla vel að núverandi útliti.

Tillaga að breyttum texta í sérákvæðum fyrir einstaka hús er svohljóðandi:

Heimilt er að útbúa innfelldar svalir í ytri kannt núverandi byggingalínu (þ.e. frá Súðavogi, Dugguvogi, og Tranavogi). Að hámarki má breyta 50% núverandi glugga hverrar hæðar í innfelldar svalir.

Heimilt er að útbúa utanálggjandi svalir á húshliðar að Súðarvogi, Dugguvogi, og Tranavogi.

Að hámarki mega utanálggjandi svalir ná 1,2 m út frá húshlið og þekja allt að 50% núverandi glugga hverrar hæðar.

Við gerð á svölum skal eftir fremsta megni varðveita þá gluggasetningu sem fyrir er í byggingum. Vanda skal alla hönnun og frágang á svölum og samræma útlit þeirra í hverju húsi fyrir sig.

Ennfremur er heimilt að koma fyrir frönskum svölum, sem eru gólf síð opnanleg fög með handriði að utanverðu, en þó þannig að þær skagi ekki út fyrir byggingarmassa. Vanda skal vel hönnun á frönskum svölum og verða þær ávallt að falla vel að núverandi útliti.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á _____

þann _____ 20__.

Tillagan var grenndarkynnt frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Björn Axelsson